

Nr. 091 / 12 Hópsnes GK 77**Skipverji slasast á handlegg**

Skipaskr.nr. 2673
Smíðaður: Njarðvík 2006, plast
Stærð: 12 brl. 14,9 bt.
Mesta lengd: 12,69 m Skráð lengd: 11,37 m
Breidd: 3,72 m Dýpt: 1,51 m
Vél: Cummins 302 kW, 2006
Fjöldi skipverja: 4



Hópsnes©Hafþór Hreiðarsson

Gögn:
Slysatilkynning
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgangur af fundi 22. mars 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 9. ágúst 2012 var Hópsnes GK 77 á línuveiðum á 30-40 sml norður af Siglufirði. Veður: NV 12-14 m/s.

Skipverji var á gangi innan við línuspilið þegar krókur skaust úr hreinsiburstum og í handlegg hans. Félagar hans stöðvuðu spilið og var krókurinn losaður úr handleggnum en þá hafði hann rifið skurð á framhandlegg slasaða. Gert var að sárinu til bráðabirgða um borð og fór slasaði til lækni þegar komið var í land.

Við rannsókn kom fram:

- að alla jöfnu er línuspilið skermað af með plastbornum „segldúk“ sem nær frá lofti niður að þilfari. Dúkurinn er um 70 sm breiður en í þetta skipti var honum rúllað upp og festur í loftið af því að hann var orðinn mjög slitinn, götöttur og talið að hann þjónaði ekki tilgangi sínum heldur væri til trafala;
- að fram kom hjá slasaða að hann vissi til þess að nýr dúkur hafi verið tilbúinn hjá útgerðinni;
- að slasaði sagði að eftir að krókurinn kræktist í olnbogabótina hafi hann ekki tekið á móti togi hans svo hann færi ekki á kaf í handlegginn. Slasaði hafi fylgt króknum á meðan línun og taumurinn fóru inn á dráttarskífuna og því hafi hann aðeins gert grunnan skurð á handlegginn;
- að sögn skipstjóra vilja krókarnir krækjast í dúkinn þegar hann er orðinn slitinn og götöttur.

Nefndarálit:

Orsök slyssins má rekja til þess að öryggisbúnaður var ónothæfur.